

Nd.

609. Breytingatillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum
um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá meiri hluta Peningamálanefndarinnar.

1. 4. grein orðist þannig:

Ráðherra skipar bókara og féhirðir bankans og vikur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, *ef gefa skal út eða fram-selja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.*

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirði hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá ráðunautur í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði ráðunauts úr.

2. við 5. gr. Í staðinn fyrir $\frac{2}{5}$ komi $\frac{1}{5}$.

Við 5. gr. Í staðinn fyrir húsnæðissjóð, komi: byggingarsjóð opinberra bygginga.

Við 5. gr. Á eftir orðunum: »og 2^o/_o í varasjóð«, kom: Þó má upphæð sú eigi hærrí vera en alt að kr. 2500.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skal hinn núverandi bankastjóri fá í eitirlaun kr. 3000.